



**RÁÐSTEFNA  
Í HÁSKÓLANUM Á HÓLUM  
15. APRÍL 2008**

**SJÁLFBÆR ÞRÓUN:  
ÍSLENSK NÁTTÚRA, MENNING OG ÞEKING Í  
ALÞJÓÐASAMHENGI**

**Setningarávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar**

*Ávarpið var flutt blaðlaust og vélritað eftir upptöku*

Ágæti rektor,  
vígslubiskup.  
Aðrir góðir ráðstefnugestir

Það er vel við hæfi að efna til þessa málþings í tengslum við framboð Íslands til Öryggisráðsins og spyrja okkur spurninga sem fjallað verður um hér í dag; einkum og sér í lagi vegna þess að framboðið til Öryggisráðsins er fyrst og fremst eins konar prófraun fyrir okkur Íslendinga. Með þeirri ákvörðun settum við okkur undir smásjá heimsins. Við buðum okkur fram á velli þar sem ákveðið er um frið og öryggi, styrjaldir, vopnuð átök; sögðum við allar þjóðir heims: Við erum í senn reiðubúin og eigum erindi í æðstu stofnun hins alþjóðlega samfélags, Öryggisráðið.

Ég hef átt þátt í því á undanförunum mánuðum að eiga samræður við fjölda fulltrúa erlendra ríkja, bæði þjóðhöfðingja, ráðamenn, sendiherra og aðra, við fulltrúa yfir hundrað ríkja, á þessum sex eða sjö mánuðum sem liðnir eru síðan ég hóf þátttöku í þessari samræðu. Hún hefur verið mjög gagnleg og upplýsandi. Ég hef skynjað mjög sterkt þessa smásjá. Menn spyrja fyrst og fremst: Hvað hafi þið fram að færa, hver er ykkar

reynsla? Hvernig getur heimssamfélagið nýtt sér þekkingu og kunnáttu Íslendinga í glímunni við þau vandamál sem framundan eru?

Þá hefur verið gagnlegt að rekja hvernig þessi litla þjóð sem um aldir var hin fátækasta í Evrópu, taldi í tíð biskupa hér á Hólum aldrei meir en 50 til 60 þúsund manns; ekkert þorp, engin borg, bara Hólar og Skálholt; hvernig þessi þjóð háði baráttu fyrir sjálfstæði; hvernig henni hefur tekist á örfáum áratugum að ná í fremstu röð þjóða heims með svo afgerandi hætti að Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna sem fyrir rúmum þrjátíu árum taldi okkur enn meðal vanþróaðra ríkja í flokkunarskrá Sameinuðu þjóðanna – við gleymum því stundum Íslendingar að við vorum opinberlega skilgreindir fram yfir 1970 sem þróunarríki, eins og Afríka og Asía, kannski eitt af fáum ríkjum Evrópu sem var á þeirri skrá – setur okkur núna í fyrsta sæti á efnahagslegri og félagslegri þróunarskrá hinna sömu Sameinuðu þjóða.

Menn spyrja: Hver er galdurinn? Hvernig hafið þið gert þetta? Hvernig hefur ykkur til viðbótar tekist að hverfa að mestu leiti frá olíu og kolum, hinum mengandi orkugjöfum, hvað snertir raforkuframleiðslu og húshitun, og náð þeim sessi að vera fremsta ríki í veröldinni í nýtingu hreinna orkugjafa?

Það er mikilvægt að fræðasamfélagið á Íslandi, stjórnvöld og þjóðin öll átti sig á því að framboðið til Öryggisráðsins er ekki bara spurning um völd eða titla, eða sæti við borðið sem kennt er við skeifu hestsins – kannski því við hæfi að ræða um Öryggisráðið hér á Hólum – heldur líka prófraun fyrir okkur sjálf. Hvað viljum við færa heiminum?

Þá skulum við líka hafa í huga að við höfum á Íslandi stærstu jökla í Evrópu sem eru að bráðna vegna loftslagsbreytinganna. Íslenskir jöklafræðingar spá því að þótt þessir jöklar séu þykkir – það er þeirra sérkenni – þá muni þeir næstum því hverfa á þessari öld eða byrjun þeirrar næstu.

Jöklarnir í Himalaya fjöllum eru hins vegar þynnri og þeir munu að öllum líkindum hverfa á næstu fjörtíu til sjötíu árum. Það er um 700-800 milljónir manna, bara Indlands mengin við Himalaya fjöllin, sem hafa allt sitt fæðukerfi háð vatnsbúskap jöklanna í Himalaya fjöllum. Þegar þeir bráðna, ef þeir bráðna, þá verður það mesta umhverfisógn sögunnar hvað áhrifin snertir.

Við erum líka með stærstu eyðimörk í Evrópu. Við gleymum því stundum, Íslendingar, þegar við erum að lýsa okkar landi. Við erum ekki stolt af því hvernig skógurinn var nýttur sem eldiviður af fyrstu kynslóðum sem byggðu landið og skiluðu ættjörðinni smátt og smátt sem

stærstu eyðimörk í Evrópu. Það jákvæða er að við höfum í hundrað ár á skipulagðan hátt reynt að græða hana upp.

Við höldum í fyrri upp á hundrað ára afmæli Landgræðslunnar. Við höfum kannski lengst Evrópuþjóða og jafnvel allra þjóða reynslu af því að vinna á skipulagðan hátt gegn uppblæstri, eyðimerkum og annarri eyðingu lands.

Við erum líka í þriðja lagi í miðju hafstrauma-beltisins sem knúið er af Golfstrauminum og bráðnun íssins frá Grænlandi og Norðurskautinu. Breytingin á þeirri blöndu getur haft afgerandi áhrif á hafstraumana, meginstrauma úthafanna allt í kring um hnöttinn.

Það vill því þannig til að Ísland er einhver besta umræðu- og vettvangsstöðin til að fjalla um þau verkefni sem brýnust eru fyrir mannkyn allt á komandi áratugum. Það er líka á réttum stað að ræða slíkt í samhengi við framboðið til Öryggisráðsins. Ef allt fer á hinn verri veg varðandi loftslagsbreytingar, bráðnun jökla, þornun stórfljóta og stöðuvatna, vöxt eyðimerkur, þá eru stríð, vopnuð átök, hamfarir, fjölgun flóttamanna og allt það sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna glímir við risavaxnara verkefni en áður.

Samhengið á milli öryggis og umhverfis og náttúru er skarpara á okkar tímum heldur en nokkru sinni fyrr. Á hefðbundinn hátt höfum við rætt um öryggi fyrst og fremst með því að meta styrk herafra, ræða byssustærðir eða flokka sprengjur í tegundaflokka, tala um langdrægni flugvéla og annað af því tagi. Það er úrelt umræða. Ég hef enga trú á því að slíkt verði uppspretta styrjalda á komandi áratugum. Það er umturnun náttúrunnar sem við köllum í daglegu tali loftslagsbreytingar sem getur orðið hræðilegasta en um leið risavaxnasta orsökina fyrir vopnuðum átökum, upplausn ríkja, stöðugum straumi flóttamanna og öðru sem Sameinuðu þjóðirnar og Öryggisráðið glíma við daglega.

Það getur vel verið að þegar þessi ráðstefna var skipulögð hafi sumum fundist sérkennilegt að ætla sér að ræða sjálfbæra þróun og menningu í tengslum við framboð til Öryggisráðsins. Það er nú einu sinni þannig, eins og ég hef reynt að lýsa hér, að það er hið nýja samhengi hlutanna.

Menningin er líka mikilvæg í þessu samhengi. Eitt af því sem sker Ísland úr er að okkur hefur tekist að virkja almenning, fólkið í landinu, með allt öðrum hætti en aðrar þjóðir hafa gert. Landgræðslan og skógræktin eru gott dæmi. Þar hafa fjöldasamtök almennings í öllum byggðarlögum, bændur, bæði hver og einn og samtök þeirra verið virkasta aflíð í því að græða landið á nýjan leik. Ekki ríkið sem slíkt eða formlegar stjórnstofnanir.

Þegar við breyttum orkumálunum frá olíu og kolum yfir í hitun húsanna með jarðhita, þá voru það fyrst og fremst sveitarfélög, lítil og stór allt í kringum landið, bændur og sjómenn sem sátu í hreppsnefndunum og litlu sveitarstjórnunum sem tóku þær ákvarðanir.

Útlendingum finnst oft erfitt að átta sig á því að það hafi ekki verið risavaxið ríkisplan sem átti hlutdeild í þessari framkvæmd. Þegar Al Gore áttaði sig á því að það voru sjómennirnir og fiskverkunarfólkið í bæjarstjórninni í Grindavík sem bjuggu til Bláa lónið og Hitaveitu Suðurnesja þá rann upp fyrir honum alveg nýtt ljós hvernig hægt væri að snúa þessari þróun við.

Á sama hátt samvinna við sjómenn varðandi hafrannsóknirnar, upplýsingarnar sem þeir hafa gefið vítt og breitt kringum landið, tilkynningaskyldan, gagnasöfnunin sem Fiskifélagið hefur stundað í áratugi. Öll þessi þátttaka almennings á Íslandi í þekkingarsköpuninni hefur leitt til þess að sjálfbær árangur sem við höfum náð vekur mikla athygli úti um allan heim.

Flestir sérfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að ef við eigum að ná árangri í að varðveita jafnvægið milli náttúrunnar og mannsins og forða þessari risavöxnu hættu sem við tölum um sem loftslagsbreytingar, þá mun það ekki takast nema virkja fjöldann allan. Það mun aldrei takast með því að alþjóðlegar stofnanir eða löggjafarþing axli alla ábyrgðina. Við berum ábyrgðina öll. Það er enginn í þessum sal sem er ekki ábyrgur fyrir loftslagsbreytingunum. Ekki neinn. Við getum farið á hvaða mannfund sem er í veröldinni og það er nákvæmlega sama niðurstaðan: Það getur enginn fríað sig ábyrgð frá þessum vanda.

Leitin að lausninni yrði árangursríkust á þann veg að reyna að taka alla með og finna aðferðir sem fela í sér að þekking, háskólasamfélagið, rannsóknir og vísindastarfsemi verði til að efla þátttöku fjöldans í nýjum framleiðslu- og lifnaðarháttum; breyta þannig samspilinu við náttúruna; tryggja að sú þróun sem við ætlum að stefna að á komandi árum og áratugum, haldi áfram að styrkja efnahag okkar. Við ætlum að halda áfram að reisa traustar undirstöður undir framfarirnar. Það er enginn að spá nýrri fátæktaröld. Það er ekki þörf á því.

Þvert á móti, það er hægt að leggja brautina í átt að enn glæsilegri framtíð. Í öllu þessu hefur Ísland mikið fram að færa.

Eins og ég sagði hér í hádeginu, þá er eitt af því sem ég hef lært á minni vegferð og samræðum við fólk, hvort sem það eru ráðamenn eða þjóðarleiðtogar eða aðrir vítt og breitt um veröldina að þegar komið er á umræðufund eða ákvörðunarstað þá er ekki spurt: Hvað eru það mörg hundruð milljónir sem eru á bak við þig? Eða hver er þinn styrkleiki

mældur í vopnum eða fjármunum? Það er einfaldlega spurt: Hvað hefur þú fram að færa? Getur þú lagt eitthvað til af viti sem aðrir geta nýtt sér?

Ástæðan fyrir því að forseti Íslands er í æ ríkara mæli á erlendum vettvangi þátttakandi í málþingum og fundum og umræðum eins og ég hef verið er ekki sú að forsetinn sem situr nú hafi sérstaklega gaman af ferðalögum. Hún er einfaldlega eftirspurnin eftir fræðslu um hina íslensku reynslu; hvernig hægt er að setja hana í alþjóðlegt samhengi.

Það er kannski stærsta siðferðislega ábyrgðin sem við berum sem þjóð, að miðla þessa þekkingu, þessari reynslu, ekki af stærilæti, heldur af hógværd, viðurkenna að við eigum margt ólært sjálf og við getum numið ýmislegt af öðrum.

Í ljósi þeirra ógna sem blasa við mannkyni, sem helst eru í ætt við þær hamfarir sem rætt er um í helgri bók, þá er það siðferðisleg skylda okkar að gefa okkur tíma og finna leiðir til þess að miðla þessari þekkingu til annarra. Þar geta háskólar, eins og hér á Hólum, skipað öflugan sess. Þar geta aðrar stofnanir í landinu einnig tengst viðtæku alþjóðlegu kerfi. Með því framlagi sýnum við örðum þjóðum að við séum verðug þess trausts sem við sækjumst eftir þegar við bjóðum okkur fram til þessa sætis. Af þessum ástæðum er framboði Íslands til Öryggisráðsins fyrst og fremst prófraun fyrir okkur sjálf.

Það á eftir að koma í ljós hvort við vinnum eða ekki, hver útkoman verður. Aðalatriðið er að við áttum okkur á því að við höfum margt að miðla öðrum. Þar er fræðasamfélagið fyrst og fremst sá vettvangur sem getur komið að mestu gagni.

Þess vegna er það ánægjuefni fyrir mig að vera með ykkur í upphafi þessarar ráðstefnu. Ég játa hreinskilningslega, með allri virðingu fyrir þeim liðum sem eru á dagskránni síðar í dag, að ég hefði gjarnan viljað vera hér áfram til þess að hlusta á erindin og taka þátt í ykkar spjalli; því eins og þið vonandi heyrið á mínu máli, þó er ekkert sem brennur eins heitt í mínum huga eins og þetta efni; það er ekkert sem mér finnst skipta eins miklu máli að við Íslendingar sinnum vel.